

## Samantekt

Eftirlitsmaður Matvælastofnunar, Jónína Guðmundsdóttir, framkvæmdi eftirfylgni eftirlit á tímabilinu 21.- 29. apríl 2026 vegna frávika sem skráð voru í eftirlitsskýrslu dags. 17. október 2024 vegna eftirlits í eldisstöð Benchmark Genetics að Kirkjubogi.

Samkvæmt tímasettri úrbótaáætlun átti öllum úrbótum að vera lokið.

Í umræddri eftirlitsskýrslu voru sjö frávik sem vörðuðu skort á yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi, ristar á gólfum, möskvastærð nets var of stór, þjálfun starfsfólks og þjálfunarskrá, verklagsreglur, innra eftirlit og sannprófun.

Óskað var eftir gögnum frá eftirlitsþega með tölvupósti vegna eftirfylgni eftirlits. Gögnin bárust 24.-29. apríl og voru yfirfarin á skrifstofu.

Að loknu eftirfylgni eftirliti er ljóst að eftirlitsþegi hefur lagfært þrjú frávik en fjögur frávik hafa ekki verið lagfærð eða einungis að hluta. Eitt fráviki er varðar net til að endurheimta fisk fer úr fráviki yfir í alvarlegt frávik þar sem hér er um að ræða ítrekað frávik.

Matvælastofnun veitir frest til 27. maí 2026 til að ljúka úrbótum.

Alvarleg frávik	Úrbótafrestur
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Eldisbúnaður og fiskheldni	27/05/2026

Frávik	Úrbótafrestur
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Þjálfun starfsmanna	27/05/2026
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Verklagsreglur	27/05/2026
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Innra eftirlit	27/05/2026

**Viðstödd heimsókn** Benchmark Genetics Iceland hf.

**Kennitala viðtakenda** 620391-1079

**Skoðunarmaður** Jónína Guðmundsdóttir

**Tölvupóstur** mast@mast.is

**Undirbúningur** 0 klst.

**Frágangur** 4 klst. og 30 mín.

**Tímar við úttekt** 1 klst.

**Akstur** 0 klst.

Frávík í eftirlitsskýrslu dags. 17. október 2024:

Til staðar var net til að endurheimta fisk en möskvastærð þeirra var of stór.

Matvælastofnun bendir á að gott getur verið að halda verklega þjálfun fyrir starfsfólk um stök og hvernig bregðast eigi við, m.a. hvar leggja eigi net.

Skráning í eftirfylgni eftirliti:

Matvælastofnun kallaði eftir mynd af netum til að endurheimta fisk og staðfestingu á stærð þeirra. Matvælastofnun fékk staðfestingu á að eitt net er til staðar í eldisstöðinni og möskvastærð þeirra er 2,5 tommur (6,25 cm). Samkvæmt upplýsingum frá eftirlitsþega er minnstu seiðin í stöðinni u.þ.b. 0,3 gr og 1,3 cm en stærstu u.þ.b. 25 cm og 1,7 kg.

Ljóst er af framangreindum upplýsingum að það net sem er til staðar fangar ekki allar stærðir seiða sem eru í eldisstöðinni þar sem þau eru of stór. Frávíkið hefur því ekki verið lagfært. Í ljósi þessa fer frávíkið úr því að vera frávík í alvarlegt frávík.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

## Frávík

### Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit Þjálfun starfsmanna

Frestur til úrbóta: 27/05/2026

Frávík í eftirlitsskýrslu dags. 17. október 2024:

Ekki er til staðar verklag/skrá þar sem tilgreint er hvaða verkþætti starfsmaður þarf að tileinka sér, þ.e. hvaða þætti þarf starfsmaður að læra við upphaf starfs, innan hvaða tímamarka því þarf að vera lokið, hvaða þekkingu þarf að viðhalda og tíðni. Í þjálfunarskrá starfsmanna er ekki að finna staðfestingu á þátttöku hans á árlegum fundi um innihald gæðahandbókar þar sem breytingar eru kynntar auk nýrra áherslna sem gerðar hafa verið.

Skráning í eftirfylgni eftirliti:

Matvælastofnun kallaði eftir verklagi um þjálfun starfsfólks. Af umræddu verklagi er ekki ljóst að starfsmenn fái þjálfun í að lágmarka umhverfisáhrif sem er skylt samkvæmt viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

Samkvæmt fyrrgreindir reglugerð á nýliðaðþjálfun að innihalda þjálfun í meðhöndlun eiturefna en samkvæmt verklagi eftirlitsþega um þjálfun er slík þjálfun ekki undir nýliðaðþjálfun né grunnþjálfun heldur undir þjálfun fastráðinna starfsmanna.

Í verklagi um þjálfun starfsfólks er ekkert kveðið á um þjálfun í bólusetningu en ljóst er að slík þjálfun fer fram samkvæmt verklagi um bólusetningar. Þörf er á að uppfæra verklag um þjálfun starfsfólks m.t.t. framangreinds.

Matvælastofnun kallaði eftir þjálfunarskrám allra starfsmanna eldisstöðvarinnar. Ljóst er að þátttaka starfsmanna í árlegum fundi sem haldin var árið 2025 er skráð í þjálfunarskrá sjö af níu starfsmanna eftirlitsþega. Skráningu á þátttöku eins starfsmanns á fundinum í þjálfunarskrá vantar en samkvæmt yfirliti yfir þátttakendur fundarins er nafn viðkomandi starfsmanns að finna þar en ekki staðfesting í þjálfunarskrá. Matvælastofnun beinir þeim tilmælum til eftirlitsþega að útbúa verklag um árlega fundi og hafa í því áætlun um hvað skuli gera ef starfsmenn komist ekki á fundinn.

Ljóst er að úrbótum er ekki að öllu leiti lokið og frávíkið stendur því enn.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

## Frávík

### Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit Verklagsreglur

Frestur til úrbóta: 27/05/2026

Frávík í eftirlitsskýrslu dags. 17. október 2024:

Í eftirliti var farið yfir verklagsreglur um losun á dauðfiski úr kerjum, hreinsun á kerjum, flokkun seiða í stöð flutning á fisk í og úr stöð og bólusetningar.

Óskað var eftir því við eftirlitsþega að senda framangreindar verklagsreglur í tölvupósti og var farið yfir þær af Matvælastofnun á skrifstofu.

Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar um verklagsreglurnar:

- Verklagsreglur uppfylla ekki kröfur sem gerðar eru til verklagsreglna þar sem eftirfarandi þættir koma ekki fram í þeim: markmið, ábyrgð, tíðni, viðmiðunarmörk, aðgerðir til úrbóta og hvað skuli skráð.

- Gera þarf verklagsreglu um losun á dauðfiski úr kerjum. Verklag um APB aukaafurðir er ekki sama verklagsregla.

- Í verklagsreglu um flutning á fisk í og úr stöð þarf vantar að hafa viðbragð ef upp koma frávík í flutningi.

Skráning í eftirfylgni eftirliti:

Í eftirfylgni eftirliti var var kallað eftir verklagsreglu um losun á dauðfiski úr kerjum, hreinsun á kerjum, flokkun seiða í stöð flutning á fisk í

og úr stöð og bólusetningar.

Í verklagsreglu um flokkun seiða í stöð og verklagsreglu um flutning á fisk í og úr stöð vantar að tilgreina ef það kemur upp frávik, t.d. ef barki stíflast við dælingu.

Í verklagsreglu um bólusetningar kemur fram að ef stöðvarstjóri telji þörf á bólusetningu skuli hann hafa samband við yfirdýralæknir fisksjúkdóma. Þetta er ekki rétt framkvæmd. Í verklagsregluna vantar framkvæmd gæðaskoðunar þegar bólusetning fer fram.

Aðrar verklagsreglur hafa verið lagfærðar. Ljóst er að úrbótum er ekki að öllu leiti lokið og frávikið stendur því enn.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

## Frávik

## Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit Innra eftirlit

Frestur til úrbóta: 27/05/2026

Frávik í eftirlitsskýrslu dags. 17. október 2024:

Innra eftirlit – ekki er til staðar verklag sem tryggir skilvirkt innra eftirlit með starfsemi fiskeldisstöðvar. Fram skal koma: Markmið, ábyrgð, tíðni, viðmiðunarmörk, aðgerðir til úrbóta, hvað skal skrá

· Starfrækja skal gæðakerfi sem hluta af innra eftirliti þar sem koma fram verklagsreglur stöðvar þar sem m.a. er fjallað um þjálfun starfsmanna, viðhalds- og viðbragðsáætlanir, sbr. viðauka III.

· Koma á virku eftirliti þar sem fram kemur hvað á að vakta, hver á að annast vöktun, hvenær og hvernig vöktun fer fram.

· Skilgreina skal viðmiðanir fyrir þau eftirlitsatriði sem eru vöktuð

· Skilgreina skal hver er ábyrgur fyrir framkvæmd úrbóta og lýsa aðferðum og aðgerðum sem nauðsynlegar teljast til að leiðrétta frávik.

· Skrá skal allt eftirlit, úrbætur og viðhald sem tengist innra eftirliti eldisstöðvar og geyma í minnst fimm ár. Allar skráningar skulu dagsettar og undirritaðar.

· Rekstrarleyfishafi skal sannreyna að verklagsreglur og viðbragðsáætlanir uppfylli markmið og gera nauðsynlegar úrbætur.

Skráning í eftirfylgni eftirliti:

Matvælastofnun kallaði eftir verklagi um innra eftirlit og staðfestingu á síðasta innra eftirliti sem framkvæmt var í stöðinni.

Verklagsregla um innra eftirlit er ófullnægjandi og virðist innihalda atriði sem eru starfsmenn eldisstöðvarinnar eiga að framkvæma og skrá en ekki yfirferð yfir það hvort þeir hlutir séu skráðir.

Markmið innra eftirlits er að ákveðinn ábyrgðaraðili fari yfir með reglubundnum og kerfisbundnum hætti, með fyrir fram ákveðin tíðni, hvort starfsmenn séu að skrá þá hluti sem þeim ber skv. verklaginu, t.d. vatnsgæði (hita, súrefni, seltustig), fóðrun, dauða o.fl.

Verklagsreglan á því að skilgreina hvað á að fylgjast með, hver ber ábyrgð á því og hversu oft innra eftirlit á sér stað. Jafnframt felur innra eftirlit í sér að greina frávik, bregðast við þeim og tryggja að gripið sé til úrbóta eftir þörfum.

Staðfesting á framkvæmd innra eftirlits er jafnframt ófullnægjandi þar sem það eru gögn sem sýna eingöngu skráningar starfsmannanna sjálfra en ekki yfirferð ábyrgðaraðila á því hvort að þessum tilteknu skráningum sé sinnt.

Matvælastofnun kallaði jafnframt eftir síðustu sannprófun eldisstöðvarinnar. Af þeirri sannprófun má sjá að þar er að hluta til fara yfir atriði sem innra eftirlit ætti að ná yfir. Sannprófunin á að staðfesta að innra eftirlit sé framkvæmt.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

# Niðurlag

Þann 28/04/2026 fór fram reglubundin skoðun og var skýrsla send viðtakanda 29/04/2026. Heimsóknin var boðuð fyrirfram. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 4 skoðunatriðum, þar af 1 alvarlegt frávik og 3 frávik.

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit: 8 af 16 skoðunatriðum voru yfirfarin. Þar af voru 3 frávik og 1 alvarlegt frávik.

Nánari útlitun á skoðunatriðum má finna í [eftirlitshandbókum](#) Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á [mast@mast.is](mailto:mast@mast.is).

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á [Island.is](http://Island.is).

## [Lagagrunnur eftirlits](#)

### Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

#### Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit

- Búnaður til að endurheimta fisk
- Eldisbúnaður og fiskheldni
- Verklagsreglur
- Rekstrarleyfi
- Þjálfun starfsmanna
- Innra eftirlit
- Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi
- Sannprófun

### Eftirfarandi atriði voru ekki skoðuð:

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Dagbókarfærslur

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Fóðurgeymsla

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Aukaafurðir dýra (ABP)

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Framleiðsluskýrsla

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Eftirlit með flutningi á fisk

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Viðbragðsáætlanir

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Gæðahandbók

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Þjálfunarskrá starfsmanna